



Varðandi: **Bandalag íslenskra skáta - styrkbeiðni v. 15th World Scout Moot**

Málsnúmer: **1611083**

Dagsetning: **14. júní 2017**

TILLAGA:

Bæjarráð samþykkir að veita kr. 1.500.000 vegna ýmis kostnaðar vegna móttöku 400 ungmenna á alþjóðlegu heimsmóti skáta (15th World Scout Moot 2017) á Akranesi dagana 25.-29. júlí 2017.

Fjármunum verður ráðstafað af liðnum 20830-4995.

GREINARGERÐ:

15th World Scout Moot 2017 er alþjóðlegt skátamót sem haldið er á fjögurra ára fresti. Mótið er haldið af alheimshreyfingu skáta en hýst af mismunandi löndum í hvert sinn og verður á Íslandi í ár dagana 25. – 29. júlí næstkomandi. Gert er ráð fyrir að um 6.000 manns sækji mótið, langflestir erlendis frá og koma þátttakendur frá 100 þjóðlöndum. Af heildarfjöldanum verða um 5.000 þátttakendur á aldrinum 18 til 25 ára og um 1.000 eru sjálfboðaliðar 26 ára og eldri sem munu aðstoða við framkvæmd mótsins.

Vegna þessa á Akranes von á 400 ungmönnum á framangreindu tímabili. Þau munu hafa aðsetur á afgangi svæði á tjaldsvæðinu. Sett verður upp auka salernisaðstaða með útivöskum og hafa þau frían aðgang að rafmagni á svæðinu. Gert er ráð fyrir að hvert og eitt þeirra fái tvo frímiða í sund og að aðgangur að Byggðasafninu og í Akranesvita verði gjaldfrjálts. Á síðasta deginum mun Akraneskaupstaður halda grillveislu með öllum mótsgestum og þeim sem komu að skipulagningu mótsins. Kostnaður gróflega áætlað er svofelldur:

Klósettgámar

Leiga	250.000
Flutningur	150.000
Tengivinna Píp.	100.000
Tengivinna Rafl.	100.000
Hreinlætisvörur	100.000

Grillveisla

2000 kr. á mann	800.000
-----------------	---------

Samtals	1.500.000
----------------	------------------
